

Olli och Mo

Höfundur texta og mynda: Eva Lindström
(Svíþjóð) Alfabetá, 2012
Var tilnefnd til Barna- og unglíngabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2014

Söguþráður: Tveir einstaklingar, Olli og Mo, leggja af stað í ferðalag, en þrátt fyrir að þeir séu með kortabók og kíkí villast þeir. Hvílíkt ævintýri fyrir einn lítinn og annan stóran. Hvar eru þeir staddir?

Efnisorð: að vera áttavílltur, vínátta, kanna heiminn, leika veitingastað/ snarl, hugmyndaflug, tilvistarmál

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Finnið þið bílinn á mörgum blaðsíðum í bókinni? Finnið þið töskuna hennar Mo?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókinn sé?
2. Olli og Mo eru á leið í ferðalag. Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér í ferðalag?
3. Olli og Mo fá sér nesti. Hvað myndir þú vilja hafa með þér í nesti? Áttu þér uppáhaldsnesti? Teiknaðu og segðu frá.
4. Hvað gæti gerst ef þú myndir villast? Teiknaðu og segðu frá, eða farið saman í ímyndunarleik. Hvað heldurðu að Olli og Mo hafi farið langt?
5. Leitaðu að töskunni hennar Mo, hún sést í hverri opnu.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðaðu kortabók. Veldu land, borg eða sveit sem þig langar til að fara til.
2. Hefurðu heimsótt einhvern eða upplifað eitthvað sem er öðru vísi? Olli og Mo fá að borða fiskistangir sem standa uppi á rönd. Hefurðu þú borðað eitthvað sem er öðru vísi en þú færð að borða heima hjá þér? Segðu frá og/eða teiknaðu.



ISBN 978-952-7486-64-1


3. Teiknaðu kort af svæðinu þar sem skólinn þinn er.

4. Mo fær að ráða því að þau fara í ferðalag en líka hvenær þau fara heim aftur. Hvers vegna heldurðu að Mo fái að ráða öllu?

5. Búðu til draumamatseðilinn þinn á veitingastað.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Finnið sjónarhornin í bókinni. Skoðið fyrstu myndina í bókinni og smáatriðin á gólfteppinu. Heldurðu að allt hafi verið ímyndunarleikur?
2. „Hvar erum við? - Hérna einhvers staðar.“ Lýstu því hvernig hún lítur út, hvaða tilfinningu færðu þegar þú horfir á myndina. Teiknaðu mynd sem byggist á opnunni með „- Hvar erum við? - Hérna einhvers staðar.“
3. Skoðaðu myndirnar í bókinni og athugaði hvernig persónurnar beina augnaráði sínu. Hvers vegna heldurðu að það líti svona út?
4. Hvernig hljómar bókinn Olli og Mo? Búðu til spíllarlista á Spotify sem passar við bókina og það sem gerist í henni.



AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Vi är Lajon! Höfundar: Jens Mattsson og Jenny Lucander

Rosie springer (Ruusun matka). Höfundur: Marika Maijala

Tréð (Træið). Höfundur: Bárður Oskarsson

Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg

Öll með tölu (Alle sammen teller). Höfundur Kristin Roskifte. Þýðandi: Sigrún Eldjárn.

MÁLAMOLI

"Bíll"

sænska

Bil

danska

Bil

norska

Bil

íslenska

Bíll

færeyska

Bilur

grænlandska

Biili

finnska

Auto

norðursamíska

Biila



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)